



Leikskólar
okkar ALLRA!
ÁRSVERKEFNI 2019



SJÁLFSBJÖRG

LANDSSAMBAND HREYFIHAMLAÐRA

Dagsetning úttektar:

Aðildarfélag:

Nafn og staður leikskóla:

Nöfn úttektarfólks:

Ársverkefni Sjálfsbjargar 2019

Útgefandi:

Sjálfsbjörg landsamband hreyfihamlaðra

Hátúni 12, 105 Reykjavík

Sími 5500-360

Handrit og ábyrgðamaður:

Þorsteinn Fr. Sigurðsson

thorsteinn@sjalfsbjorg.is

Hönnun, umbrot og prentun:

Nýprent ehf. – nyprent@nyprent.is

Úttektin

Lögð er á það áhersla, að hér er ekki um formlega og faglega allsherjar aðgengisúttekt að ræða heldur er hér um að ræða notendaúttekt á aðgengi fyrir hreyfihamlað fólk að leikskólum. Verið er að skoða aðgengi þriggja aðila innan leikskólanna sem mögulega eru hreyfihamlaðir.

1. Leikskólabarnanna inni og úti.
2. Starfsmanna leikskólanna
(fara sennilega í önnur rými en þau sem börnin hafa aðgang að).
3. Foreldra leikskólabarna sem koma með og sækja börnin og mæta á einstaka viðburði innan skólanna.

Aðkoma aðildarfélaga

Aðildarfélögin hafa fram til þessa notað ýmsar leiðir til að vinna að ársverkefni Sjálfsbjargar og hafa þau fullt sjálfræði til þess. Aðalatriðið er að taka þátt í verkefninu. Hér er lagt til að aðildarfélagið skipi t.d. 2-3 manna úttektarteymi/verkefnahóp sem vinnur að verkefninu fyrir hvert sveitarfélag á þeirra starfssvæði. Æskilegt er að allir í hópnum séu hreyfihamlaðir, en ekki er skilyrði að allir eða einhver í hópnum noti hjólastól. Þó er skilyrði að allir hafi góða tilfinningu fyrir aðgengispörfum bæði hjólastólanotenda sem annarra hreyfihamlaðra. Annars ákveða félögin sjálf hvernig þau kjósa að vinna verkefnið, hvaða leikskóla á þeirra starfssvæði þau velja að taka út og hversu marga leikskóla. Þó er um að gera að velja ólíka leikskóla eldri sem nýrri.

Tímaplan

- Maí** Verkefnið og gögnin kynnt á Landsfundi 2019 - 4. maí 2019.
- Maí - júní** Kynningar hefjast. PR efni sent fjölmiðlum og formaður reynir að komast í viðtöl. Vakið athygli á verkefninu á Facebook. Aðildarfélögin vekja athygli á verkefninu í staðarfjölmiðlum. Félögin geta hafið framkvæmd verkefnisins hvenær sem þau kjósa. Gott er að fá myndir og örstuttar frásagnir frá þeim félögum sem fyrst fara af stað með úttektina til að birta á Facebooksíðu samtakanna og til að nota í einstaka tilkynningar til vefmiðla.
- Júlí - okt.** Verkefnið unnið af verkefnahópum félaganna.
- 1. nóv.** Niðurstöðum verkefnahópa félaganna er skilað til skrifstofu Sjálfsbjargar lsh. rafrænt á sjalfsbjorg@sjalfsbjorg.is fyrir 1. nóv.
- Nóvember** Skrifstofan vinnur samantekt og kynnir niðurstöðuna til fjölmiðla og viðkomandi sveitarféлага/leikskóla með fréttatilkynningum o.fl.

Verkefnahópurinn - verkferlið

- **Verkefnahópur/ar aðildarfélags fundar og ákveður** hvaða leikskóla á að heimsækja og hvenær heimsóknin á að verða. Gott er þó að velja alla vega fjölmennasta leikskólann/leikskólana á svæðinu. Heppilegt er að ekki líði of langur tími milli heimsókna (ef fleiri en einn skóli er heimsóttur af sama hóp).
- **Rétt er að hafa samband símleiðis** við leikskólastjóran og útskýra heimsóknina og sammælast um tíma heimsóknarinnar. **Hópurinn** fer saman eða hittist við leikskólann á tilsettum tíma.
- **Einn í hópnum** þarf að vera með þokkalegan síma sem má nota til myndatöku og taka ber myndir fyrst og fremst af atriðum sem sýna hvað vantar uppá (t.d. tröppur að inngangi) eða af atriðum sem eru til fyrirmyndar. Æskilegt er að hver úttekt (fyrir hvern leikskóla) skili **alls ekki** inn fleiri en **10 myndum**.
- **Hafið málband** meðferðis (t.d. til að slá á hæð þröskulda).
- **Athugið** hvort unnt er að semja um að fá að skoða leikskólann/aðstæður **áður en skólinn opnar eða eftir lokun**.
- **Svo er vinnuheftið** tekið fram og heppilegast er að fara í gegnum það í uppsettri röð. Þið fáið vinnuheftið útprentað (ef þið viljið getur hver og einn verið með sitt vinnuhefti – en þá þarf hópurinn að sameinast eftir á um niðurstöðuna). Munið eftir að hafa blýant eða penna meðferðis.
- Einnig fáið þið vinnuheftið sent sem Word skjal (þetta skjal) þannig að þið getið þá haft það í fartölvu eða ípad og fyllt inn niðurstöður jöfnum höndum. Hægt er að setja kross í boxin með því að smella á viðkomandi box
- **Eftir úttektina** er niðurstaðan skráð inn í **þetta Wordskjal** (það sem mátti nota beint) - svörin við spurningunum - Já – Nei og önnur lengri svör (muna að vera með tiltölulega **stutt svör**).
- **Flokka þarf myndir** sem voru teknar – athuga að senda **alls EKKI margar myndir** með niðurstöðunni – halda sig við **10 stk. hámark** sem skilað er inn og eru þær settar saman í eitt skjal. Senda síðan niðurstöðugögnin á skrifstofu Sjálfsbjargar í netfangið: **sjalfsbjorg@sjalfsbjorg.is** á tilsettum tíma – í síðasta lagi fyrir **1. nóvember 2019**.

Gátlistinn

Hér eru listuð upp þau helstu atriði sem verkefnahópurinn tekur út – skráir niður og tekur myndir af ef það á við. Lagt er til að farið sé yfir atriðin í þessari röð (valkvætt). Athugið að líkt og með söfnin í fyrra þá eru leikskólarnir ólíkir og því erfitt að gefa nákvæma hugmynd að úttektinni. Við erum því að ræða mjög almennt um aðgengið og hvernig má komast inn á leikskólann og um hann. Best er að skrá jöfnum höndum niður athugasemdir og myndir teknar þegar það á við.

Þegar Wordskjalið er fyllt út við úttektina eða í lok hennar setjið X við viðkomandi kassa og texta eftir spurningamerki þar sem rita má texta. Ekki verra er að hafa þessi svör ykkar með **rauðu áhersluletri (bold)**.

1. Bílastæðið við skólann

Er bílastæðið: malbikað , stept , hellulagt eða mól ?

Er sérmerkt bílastæði fyrir fatlaða? Já Nei

Er það málað á bílastæðið? Já Nei

Merkt með skilti fyrir framan bílastæði? Já Nei

Er eitthvað sem setja má út á bílastæðið? Já Nei

Hvað þá? _____

Er leiðin að inngangi leikskóla greið fyrir hjólastólanotanda, fólk með göngugrind eða staf? Já Nei

Ef ekki, hvað er í vegi? _____

Er hitalögn undir bílastæði fatlaðra? Já Nei

Er hitalögn undir gönguleið frá bílastæði fatlaðra að inngangi leikskóla? Já Nei

Er greiður aðgangur alveg að útihurð? Já Nei

Ef ekki hvað er í vegi? _____

Er stoppistöð almenningsvagna (strætó) sem næst er leikskólanum aðgengileg sem og leiðin að leikskólanum þaðan? Já Nei

Hversu margir metrar (gróflega áætlað) eru milli leikskóla og stoppistöðvar? _____

Er eitthvað annað varðandi bílastæðið? _____

2. Garðurinn í kringum leikskólann – við aðal inngang

Er skábraut að hliðinu sem er á girðingunni umhverfis leikskólann? Já Nei

Geta hjólastólanotendur, fólk með göngugrind eða staf opnað hliðið inn í garðinn? Já Nei

Geta hjólastólanotendur, fólk með göngugrind eða staf komist um garðinn með ágætu móti? Já Nei

Ef ekki, hvað er í vegi? _____

3. Aðal inngangurinn

Er þokkalegt aðgengi frá hliði að útidyr, s.s. skábraut þegar það á við? Já Nei

Er þröskuldurinn aðgengilegur, þ.e. 2,5 cm eða lægri? Já Nei

Er útihurðin rafstýrð með aðgengilegum hurðaropnara? Já Nei

Ef hún er ekki rafstýrð geta hjólastólanotendur, fólk með göngugrind eða staf opnað hana og komist inn með góðu móti? Já Nei

Er eitthvað annað varðandi innganginn? _____

4. Fatahengi, deildir og önnur rými.

Er þokkalegt aðgengi í fatahengi? Já Nei

Er eru snagar, fataslár og hólfi aðgengileg fólki í hjólastól, með göngugrind eða staf? Já Nei

Er eitthvað annað varðandi fatahengið? Já Nei

Ef já, hvað þá? _____

Er þokkalegt aðgengi inn á deildir og í önnur innirými leikskólans þar sem börn, foreldrar eða starfsmenn í hjólastól, með göngugrind eða staf þurfa að eiga greiðan aðgang? Já Nei

Ef ekki, hvað er að? _____

5. Lyftur

Er einhver hluti leikskólans á annarri hæð? Já Nei

Ef já – þá hver/hvað? _____

Er aðgengileg lyfta þangað? Já Nei

6. Salerni fyrir hreyfihamlaða/fatlaða

Er salerni fyrir fatlaða - fullorðna? Já Nei

Ef er, er gott aðgengi að því? Já Nei

Eru stuðningshöldur beggja vegna við salernið? Já Nei

Er unnt að koma hjólastól að salerninu beggja vegna við það? Já Nei

Er vaskur þar í hjólastólahæð? Já Nei

Er framlenging á blöndunartæki í vaski? Já Nei

Er spegill í hjólastólahæð? Já Nei

Hver er hæðin frá gólfi upp á setu á salerninu? _____ cm.

Er eitthvað annað varðandi salernin? _____

Er eitthvað annað sem má nefna hér? _____

7. Ef sérstakt salerni fyrir hreyfihömluð/fötluð börn

Er sér salerni fyrir fatlaða - börn? Já Nei

Ef er, er gott aðgengi að því? Já Nei

Eru stuðningshöldur beggja vegna við salernið? Já Nei

Er unnt að koma hjólastól að salerninu beggja vegna við það? Já Nei

Er vaskur þar í hjólastólahæð? Já Nei

Er framlenging á blöndunartæki í vaski? Já Nei

Er spegill í hjólastólahæð? Já Nei

Hver er hæðin frá gólfi upp á setu á salerninu? _____ cm.

Er eitthvað annað varðandi salernin? _____

Er eitthvað annað sem má nefna hér? _____

8. Leiksvæðið

Er útgangur út á leiksvæðið aðgengilegur? Já Nei

Er stétt að helstu leiktækjum á leiksvæðinu t.d. fyrir börn í hjólastól? Já Nei

Er eitthvað annað sem má nefna hér varðandi leiksvæðið - leiktækin?

9. Hreyfihamlaðir nemendur

Er hreyfihamlað barn í leikskólanum í dag? Já Nei

Hefur verið hreyfihamlað barn í leikskólanum? Já Nei

Ef já við annarri hvorri spurningunni hvernig gekk með aðgengið um skólann og úti?

10. Er eitthvað annað sem vert er að nefna varðandi aðgengi þessa leikskóla?
